



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

irn@irn.is
545 8200

Sölvhóls götu 7,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Til sveitarfélaga

Reykjavík 05. maí 2022
Tilv.: IRN22011216/4.11.2

Efni: Viðauki fyrir 1. júní nk. - 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015

Með breytingu á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 var kveðið á um að byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skuli færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta.

Með ákvæði til bráðabirgða var kveðið á um að þrátt fyrir 3. mgr. 20. gr. er sveitarfélögum heimilt að beita ekki þeirri aðferð sem þar er lýst við gerð ársreiknings fyrir árið 2021. Velji sveitarfélög að nýta sér heimildina skulu þau fyrir 1. júní 2022 hafa lokið gerð viðauka við fjárhagsáætlun vegna áranna 2022-2025, þar sem beitt er aðferð sem lýst er í 3. mgr. 20. gr.

Með bréfi þessu vill reikningsskila- og upplýsinganefnd minna sveitarfélög á fyrrgreinda breytingu og áréttu mikilvægi þess að fjárhagsáætlun beri með sér þau áhrif sem breytt ákvæði hafa í för með sér.

Fyrir hönd reikningsskila- og upplýsinganefndar

Ágúst Kristinsson

Eiríkur Benónýsson